

undirdómarinn hefir komist að, og að sýkna stefnda af kærnum og kröfum áfryjanda í málinu. Ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfryjandi greiði stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjendur, stjórnendur Gránufélagsins, greiði stefnda J. V. Havsteen málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. apríl.

Nr. 45/1909:

Guðmundur Jónasson og

Einar M. Jónasson

gegn

Oddi Gíslasyni og

Birni sýslumanni Bjarnarson.

D ó m u r:

Við fógetagjörð, sem haldin var af sýslumanninum í Dalasýslu 23. júlí f. á. á heimili Guðmundar Jónasson

ar kaupmanns í Skarðsstöð, eftir kröfu Odds Gíslasonar yfírréttarmálaflutningsmanns fyrir hönd Salomons Davidsens, til að fullnægja með ljárnámi landsyfírréttardómi 1. febrúar f. á. í skuldamáli milli Davidsens og Guðmundar Jónassonar, mætti í fógataréttinum Einar M. Jónasson yfírréttarmálaflutningsmaður, bróðir Guðmundar, og mótmælti í nafni þeirra beggja, að fjárnámið færi fram, en með úrskurði fógétans, uppkveðnum sama dag, var þeim mótmælum hrundið Þessari fógetagjörð og úrskurði hefir Einar M. Jónasson fyrir hönd þeirra bræðra skotið til yfírdómsins með stefnu dags. 21. sept. f. á. Hann hefir beint málskotinu á hendur Oddi Gíslasyni yfírréttarmálaflutningsmanni sem aðalverjanda, og jafnframt stefnt fógétanam, Birni sýslumanni Bjarnarson, til ábyrgðar fyrir meðferð hans á málinu. En hins vegar hefir áfrýjandi ekki stefnt fjárnámsbeiðandanum og dómhafa eftir fyrtéðum landsyfírréttardómi, Salomon Davidsen, eða umboðsmanni hans í málinu fyrir hans hönd. Með því að réttum varnaraðila er þannig eigi stefnt við áfrýjun þessa, verður samkvæmt N. L. 1—4—1 að vísa máli þessu ex officio frá yfírdóminum.

Oddi Gíslasyni yfírréttarmálaflutningsmanni, sem hefir mætt eftir stefnuni og flutt vörn í málinu, ber áfrýjendum eftir kröfu hans að greiða málskostnað, er ákveðst 20 kr. og lúkist af þeim in solidum.

Af hendi hins stefnda fógeta hefir eigi verið mætt í yfírdóminum.

Um úrskurð yfírdómsins, er upp var kveðinn 21. febr. þ. á., út af beiðni áfrýjanda um frest til viðaleiðslu, hefir áfrýjandi Einar M. Jónasson málaflutningsmaður farið svofeldum orðum í sóknarskjali dags. 28. febr. þ. á.:

»hefir rétturinn að mínu áliti gengið nokkuð lengra en skjöl máls þessa heimila,« og »enda virðist mér úrskurðurinn benda einnig á, hvernig úrslitin eigi að verða, sem einnig er auðsjáanlegt, þar sem öðrum partinum er hafnað, (sic) því að koma fram löglegri vörn fyrir sig«; og um fjárnámsbeiðanda og fógeta farast áfryjanda í sama sóknarskjali þannig orð: »og var því framhald gjörðarinnar fúlmenska ein og illvilji, sem eg fæ ekki betur séð en einungis hafi verið framkvæmd til þess að gjöra requisitus sem allra mesta bölvun. Fyrir þennan ósæmlega rithátt verður að sekta nefndan málaflutningsmann, og ákveðst sektin 30 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Afryjendur Guðmundur Jónasson og Einar M. Jónasson greiði in solidum stefnda Oddi Gíslasyni 20 kr. í málskostnað. Áfryjandi Einar M. Jónasson greiði 30 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Ídæmd gjöld ber að greiða áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.